

59

26. júní

S A M Þ Y K K T

um

breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Neskaupstað frá 7. febr. 1929.

Í stað orðanna „2. ágúst“ í 4. gr. nefndrar samþykktar komi: fyrsta mánu-
dag í ágúst.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv.
1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

60

29. júní

S A M Þ Y K K T

fyrir

Einkasímafélag Suður-Bárðdælinga.

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru: Símar frá Lundarbrekku um
Bjarnarstaði og Viðiker til Svartáarkots með hliðarálmu að Stórutungu og Mýri.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr. skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til
símалagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgða-aðgerð-
ir, annast hver búandi á einkasímasvæðinu, sem síma hefir, í sama hlutfalli
og annan kostnað.

4. gr.

Ábúendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná
til, ganga í símafélag, er nefnist Einkasímafélag Suður-Bárðdæla, og greiðir það
kostnað þann, sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að

fráðregnum þeim $\frac{3}{5}$ hlutum stofnkostnaðar, er landssíminn greiðir, og því daglega viðhaldi, er um getur í 3. gr.

60
29. júní

Kostnaði þessum skal jafnað niður á eigendur jarðanna í því hlutfalli er hér segir:

Bjarnarstaðir kosta bæjarleiðina frá Lundarbrekku að Bjarnarstöðum, Viðiker frá Bjarnarstöðum að Viðikeri og Svartárkot frá Viðikeri að Svartárkoti, en Stóratunga og Mýri kosta aukalínuna.

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Þá sé kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess, er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningum skal sent landssímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórn Bárðdælahrepps og sýslustjórn Suður-Þingeyjarsýslu ábyrgjast starfrækslu einkasímanna eftir því sem landsímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 200.00 er renna í sveitarsjóð Bárðdælahrepps.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.